

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Reykjavíkurflygvöll,
nr. 105 16. júní 1971.

1. gr.

B-liður 1. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Lendingargjöld.

B. Millilandaflug:

Í millilandaflugi skal fyrir hverja landingu greiða lendingargjald, sem hér segir:

Kr. 341.60 á hvert tonn flugvélarinnar, fyrir flugvélar, sem veða allt að 14 tonnum.

Kr. 283.00 á hvert tonn flugvélarinnar, fyrir flugvélar, sem veða 15 til 29 tonn.

Kr. 248.90 á hvert tonn flugvélarinnar, fyrir flugvélar, sem veða 30 til 49 tonn.

Kr. 234.30 á hvert tonn flugvélarinnar, fyrir flugvélar, sem veða 50 tonn og þar yfir.

2. gr.

B-liður 2. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Flugskýlisleigur.

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar:

undir 12 m	kr.	134.00
12—15 m	—	333.00
15—18 m	—	532.00
18—21 m	—	733.00
21—24 m	—	934.00
24—27 m	—	1 067.00
27—30 m	—	1 200.00
yfir 30 m	—	1 334.00

3. gr.

B-liður 3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Stæðis- og festargjöld.

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar:

undir 12 m	kr.	107.40
12—18 m	—	214.70
18—24 m	—	312.30
24—30 m	—	419.70
yfir 30 m	—	468.50

4. gr.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Greiða skal þjónustu- og aðstoðargjald af erlendum flugvélum, er um flugvöllinn fara, öðrum en þeim, sem afgreiddar eru af Flugfélagi Íslands h.f. Miðast gjaldið við mestan leyfðan flugtaksþunga flugvéla og er kr. 393.00 fyrir hvert tonn.

Minnsta gjald er kr. 393.00.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarhöfn nr. 303
21. nóvember 1969.**

1. gr.

22. gr. orðist þannig:

Um hafnargjöld.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs er þau koma á Eskifjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, björgunarskip, rannsóknaskip, íslensk varðskip og vítaskip, svo og skip er leita hafnar vegna sjóskemmda.

2. gr.

23. gr. orðist þannig:

Lestagjald.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00. Gjaldldagi er 1. júlí ár hvert.

3. gr.

25. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.